

Skipulagsstofnun_21.2.2024_umsögn lýsing

Til : María Markúsdóttir <mariam@dalvikurbyggd.is>
Frá : Sóley Ósk Sigurgeirsdóttir - SLS <Soley.Sigurgeirsdottir@skipulag.is>
Heiti : Skipulagsstofnun_21.2.2024_umsögn lýsing
Málsnúmer : 202205033
Málsaðili : Framkvæmdasvið Dalvíkurbyggðar
Skráð dags : 21.02.2024 00:00:00
Höfundur : Sóley Ósk Sigurgeirsdóttir - SLS <Soley.Sigurgeirsdottir@skipulag.is>
Viðhengi [image001.jpg](#)

Sæl María,

Skipulagsstofnun hefur til umsagnar deiliskipulagslýsingu sem var í kynningu í skipulagsgátt (85/2024) frá 30. janúar til 13. febrúar 2024.

Bent er á að skv. skipulagslögum hefur stofnunin þriggja vikna frest til að gefa umsögn um lýsingu en lokað hefur verið fyrir umsagnir í skipulagsgátt og því ekki hægt að skil umsögninni þar inn.

Stofnunin telur að lýsingin geri ágætlega grein fyrir skipulagsáformum og hefur engar ábendingar á þessu stigi.

Með kveðju,
Sóley

Sóley Ósk Sigurgeirsdóttir
Sérfræðingur, svið deiliskipulags / Specialist, Neighbourhood and Site Planning
Skipulagsstofnun - National Planning Agency
Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland – Iceland
sími 595 4100, fax 595 4165
soley.sigurgeirsdottir@skipulag.is
www.skipulag.is
www.facebook.com/skipulagsstofnun



Rarik

Sigurjón Jóhannesson

UMSÖGN BIRT 13.02.2024

RARIK gerir ekki athugasemd við skipulagslýsinguna. Eins og kemur fram í kafla 5.2 Viðmið og efnistöð deiliskipulags, bls. 7-8, þarf að g.r.f. spennistöð innan skipulagssvæðisins fyrir dreifikerfi rafveitu.

Innan skipulagssvæðisins eru 2 háspennustrengir í jörðu frá aðveitustöðinni á Hríshöfða að spennistöðvunum við Mímisveg og Lynghóla, sjá meðfylgjandi skjámynd. Við suðvestur horn skipulagssvæðisins liggur háspennuloftlína frá aðveitustöðinni áleiðis að Ólafsfjarðargöngum. RARIK stefnir að styrkingu (hringtengingu) á dreifikerfinu innan Dalvíkur með lagningu nýs háspennustrengs frá aðveitustöðinni og einnig að leggja háspennustreng í jörðu í stað loftlínunnar. RARIK óskar eftir að haft verður frekara samráð þ.a. hægt verði að koma fyrirbyggjandi og væntanlegum jarðstrengjum fyrir á heppilegum lagnasvæðum.



AY 1X107

AY 1X107

TXSP 1X3X95 AL

TXSP 1X3X95 AL

TFXP 4X150 AL

TXSP 1X3X95 AL

TFXP 4X150 AL



8. febrúar 2024

Dalvíkurbyggð
María Markúsdóttir
Ráðhúsi
620 Dalvík

Umsögn um skipulagslýsingu íbúðabyggðar á Suðursvæði Dalvíkur

Með tölvupósti frá skipulagsgáttinni þann 30. janúar sl. óskaði Dalvíkurbyggð umsagnar um skipulagslýsingu vegna deiliskipulags íbúðabyggðar á suðursvæði Dalvíkur (mál nr. 85/2024). Skipulagslýsingin sem hér er til umsagnar er unnin af Mannvit, dagsett í desember 2023.

Fram kemur að skipulagssvæðið sé um 7,9 ha að stærð sem í gildandi aðalskipulagi er skilgreint sem íbúðabyggð (405-íb)

Minnt er á skv. reglugerð 798/1999 um fráveitur og skólp skal leiða ofanvatn (regnvatn og leysingarvatn) í aðskildu kerfi til næsta viðtaka, sé þess kostur.

Að öðru leyti eru ekki gerðar athugasemdir við skipulagslýsinguna eins og hún er framsett en HNE gerir ráð fyrir að fá til umsagnar tillögu að deiliskipulagi á síðari stigum skipulagsvinnunnar

Annað ekki

f.h. heilbrigðisnefndar

HEILBRIGÐISEFTIRLIT
NORÐURLANDS EYSTRÁ

Leifur Þorkelsson
heilbrigðisfulltrúi



Dalvíkurbyggð

Ráðhúsinu
620 Dalvík

Deiliskipulagslýsing fyrir suðursvæði Dalvíkur, umsögn

Yðar tilvísun: 85/2024

Vegagerðin hefur farið yfir skipulagslýsingu fyrir suðursvæði Dalvíkur skv. tölvupósti dags. 30.1.2024.

Ekki er svigrúm fyrir nýjar tengingar við Ólafsfjararveg (82) á þessu svæði og þarf það því að tengjast eftir öðrum leiðum. Ef notast á við núverandi tengingar við Ólafsfjarðarveg þarf að gera það og hanna í samráði við Vegagerðina.

Vegagerðin óskar eftir því að fá skipulagið til umsagnar á öllum stigum skipulagsferils.

Vegagerðin gerir ekki aðrar athugasemdir við skipulagslýsinguna.

Síða 1/1

Vegagerðin
Suðurhraun 3
210 Garðabær
+354 522 1000
vegagerdin.is

vegagerdin
@vegagerdin.is

Virðingarfyllt
f.h. Vegagerðarinnar
Magnús Björnsson

Undirskrift



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavörður Norðurlands
eystra

Borgum v/Norðurlóð
600 Akureyri

(354) 570 13 15
(354) 832 17 00

www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

Sædis Gunnarsdóttir
Minjavörður Norðurlands
eystra
saedis@minjastofnun.is

María Markúsdóttir
Dalvíkurbyggð

Akureyri, 7. febrúar 2024
MÍ202401-0168/ 6.09 / S.G.

Suðursvæði Dalvíkur – skipulagslýsing fyrir nýtt deiliskipulag

Minjastofnun Íslands hefur mótttekið erindi Dalvíkurbyggðar í gegnum Skipulagsgáttina þar sem óskað var eftir umsögn stofnunarinnar um skipulagslýsingu vegna nýs deiliskipulags fyrri Suðursvæði Dalvíkur. Hægt var að hlaða skipulagslýsingunni niður en hún er dagsett í desember 2023.

Deiliskipulagssvæðið er um 7,9 ha að stærð og miðast við reit 405-1b í Aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar.

Fornleifaskráning hefur verið gerð fyrir svæðið, sjá Hákon Jensson 2022 *Dalvíkurbyggð. Endurskoðun fornleifaskráningar innan þéttbýliskjarna og framkvæmdasvæða vegna aðalskipulags*. Búnaðarsamband Eyjafjarðar Rannsóknarskýrslur 2022/12

Samkvæmt fornleifaskráningu eru tvær fornleifar innan svæðisins, garðlag nr. 2752-236 og mógrafir nr. 2752-237. Minjastofnun minnir á að við hönnun deiliskipulagsins þarf að taka tillit til skráðra minja. Merkja þarf uppmældar minjar inná deiliskipulagsuppráttinn og setja punkt þar sem ekki sést til minja á yfirborðinu. Minjastofnun minnir einnig á að 15m friðhelgunarsvæði er umhverfis hinar skráðu fornleifar.

Minjastofnun Íslands hefur ekki frekari athugasemdir við skipulagslýsinguna en minnir á að deiliskipulagstillagan þarf að koma inn til umsagnar hjá stofnuninni.

Virðingarfyllst,

Sædís Gunnarsdóttir

Sædís Gunnarsdóttir
Minjavörður Norðurlands eystra